

Tuquabo-Tekle o.fl. gegn Hollandi

Dómur frá 1. desember 2005

Mál nr. 60665/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Innflytjendur. Sameining fjölskyldu.

1. Málsatvik

Kærendur eru fimm hollenskir ríkisborgarar – Goi Tuquabo-Tekle, Adhanom Ghedlay Subhatu, og Tarreke, Tmnit og Ablel Tuquabo – og einn eritreskur ríkisborgari, Mehret Ghedlay Subhatu. Goi Tuquabo-Tekle er fædd 1963 og sonur hennar Adhanom Ghedlay Subhatu árið 1978. Eiginmaður Tuquabo-Tekle, Tarreke Tuquabo, er fæddur 1952, og börn þeirra tvö, Tmnit og Ablel, fædd 1994 og 1995. Þessir kærendur eru búsettir í Amsterdam. Kærandinn Mehret Ghedlay Subhatu – dóttir Tuquabo-Tekle – er fædd 12. nóvember 1981 og er búsett í Adi Hanso í Eritreu.

Þegar borgarastyrjöld geisaði í Eþíópíu, árið 1989, flúði Tuquabo-Tekle til Noregs þar sem hún fékk dvalarleyfi árið eftir. Þrjú börn hennar urðu eftir í umsjá vina og ættingja. Einungis elsti sonur hennar fékk að flytja til Noregs árið 1991. Tuquabo-Tekle hugðist fá hin börnin síðar til sín til Noregs.

Í júní árið 1992 gifti Tuquabo-Tekle sig og árið eftir fluttist hún ásamt syni sínum til Hollands til að vera hjá eiginmanni sínum. Þau eignuðust síðar tvö börn.

Í september árið 1997 var beiðni þeirra um tímabundið dvalarleyfi fyrir Mehret, dóttur Tuquabo-Tekle, hafnað. Þau kvörtuðu til utanríkisráðuneytisins sem hafnaði einnig beiðni þeirra á þeim grundvelli að nán fjölskyldubönd væru ekki lengur milli Tuquabo-Tekle og dóttur hennar. Sérstaklega var litið til þess að Tuquabo-Tekle hafði verið löglega búsett í Hollandi í nokkur ár þegar hún sótti loksins um að fá dóttur sína til sín.

Við áfrýjun komst dómstóll í Haag að þeirri niðurstöðu að 8. gr. sáttmálans legði ekki þær skyldur á ríkið að stuðla að sameiningu fjölskyldna á svæði þess. Jafnframt var talið að engar efnislegar ástæður mæltu gegn því að þeir fjölskyldumeðlimir sem búsettir væru í Hollandi gætu flutt til Eritreu til að búa með Mehret þar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu skv. 8. gr. sáttmálans þegar Mehret Ghedlay Subhatu var synjað um dvalarleyfi í Hollandi.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi ljóst af gögnum málsins að Tuquabo-Tekle hefði alla tíð ætlað Mehret að koma til sín. Dómstóllinn féllst á það að hún hefði beðið með að sækja um leyfi til að sameina fjölskyldu sína í Hollandi þar sem hún stóð í þeirri trú að hún þyrfti fyrst að útvega vegabréf og samastað fyrir dóttur sína, en henni hafði verið ráðlagt svo af lögfræðingi sínum.

Dómstóllinn leit til þess að Tuquabo-Tekle og eiginmaður hennar höfðu búið í Hollandi um nokkurra ára skeið og höfðu hollenskan ríkisborgararétt. Þau ættu einnig tvö börn sem höfðu einungis lágmarkstengsl við heimaland foreldra sinna. Dómstóllinn taldi því að besta leiðin til að kærendur gætu átt fjölskyldulíf saman væri að Mehret kæmi til Hollands.

Dómstóllinn taldi því að hollensk yfirvöld hefðu ekki gætt nægilegs jafnvægis milli þeirra hagsmuna fjölskyldunnar að vera sameinuð og hagsmuna ríkisins af því að hleypa Mehret ekki inn í landið.

Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans og dæmdi kærendum samanlagt 8.000 evrur í miskabætur og 1.241,23 evrur vegna málskostnaðar á grundvelli 41. gr. sáttmálans.